

beurer

HK 58 Cosy



HK 115 Cosy



HK 125 XXL



IS Hitapúðar Leiðarvísir

Beurer hitapúðarnir eru framleiddir í Þýskalandi, en Beurer hefur 85 ára reynslu í framleiðslu á hitateppum og hitapúðum. Beurer vörurnar hafa verið í notkun á Íslandi í um 60 ár og reynst alveg frábærlega vel. Með rétttri notkun mun Beurer hitapúðinn endast um ókomin ár. Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar um meðferð hitapúðanna sem rétt er að hafa í huga.



Beurer GmbH • Söflinger Str. 218 • D-89077 Ulm, Germany
www.beurer.com



Innihald

1. Hlutir sem fylgja í þakningunni.....	3
1.1 Rofinn	3
3. Intended use	4
4. Notkun	4
4.1 Öryggi	4
4.2 Fyrsta notkun	5
4.3 Aukalegar upplýsingar um HK 58 cosy	5
4.4 Kveikt á hitapúðanum	5
4.5 Val á hitastigi	5


4.6 Slekkur á sér sjálfkrafa	5
4.7 Slökkt á púðanum	6
5. Hreinsun og umhirða.....	6
6. Geymsla.....	6
7. Förgun.....	7
8. Hvað ef vandamál koma upp?	7
9. Tæknilegar upplýsingar.....	7

Lýsing á táknum

	Lesið leiðbeiningar- nar		Má þvo í 30° volgu vatni
			Ekki nota blævatn
	Stingið engum nálum eða nælum í púðann		Ekki þurrka í þurrkara
			Ekki strauja
	Notið hann aldrei samanbrotinn		Ekki hreinsa í efnaug
	Má ekki nota á börn yngri en 3ja ára		Efni sem notuð eru í þessa hitapúða uppfyl- la allar kröfur Öko-Tex 100 staðlanna.
	VIÐVÖRUN: Farið vel eftir öllum viðvörðunum og lesið leiðbei- ningarnar vandlega og geymið þær á vísnum stað.		
	VIÐVARANIR: Lesið og geymið einnig til seinni tíma;		
	ATH: Áriðandi upplýsingar		

1. Hlutir sem fylgja í pakkningunni

1. Hitapúði
2. Ver utan um púðann
3. Rofi og stjórnbörð
4. Leiðarvísir



1.1 Rofinn

1. Tengill fyrir rafmagn
2. Rofi
3. Rennslisrofi (kveikt 1 / slökkt 0)
4. Takkar til að stilla hita
5. Upplýstur skjár
6. Tengill í púða

2. Áríðandi upplýsingar Geymið til seinni nota



VIÐVÖRUN

- Ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum hér á eftir getur það haft í för með sér persónuleg slys eða skemmdir á efnum (rafstuð, húðbruna og íkviknun). Eftirfarandi öryggisupplýsingar eru ekki taldar upp einungis til að vernda heilsu ykkar eða annarra, heldur einnig til að verja vöruna. Af þessari ástæðu biðjum við ykkur að fylgja öllum öryggis leiðbeiningum og einnig að láta þessar leiðbeiningar fylgja með þegar þið látið annan aðila nota hitapúðann.
- Ekki nota púðann á ósjálfbjarga einstaklinga, ungabörn eða þá sem skynja illa hita án gæslu og það má undir engum kringumstæðum sofna út frá hitapúðanu.
- Ekki má nota púðann á ungabörn (0-3ja ára) þar sem þau geta ekki brugðist við yfirhitnun.
- Börn (3-8 ára gömul) eiga ekki að nota þennan hitapúða nema því aðeins að hitastillirinn hafi verið stilltur af foreldri eða áreiðanlegum uppkomnum aðila og barninu hafi verið gefnar nægjanlegar upplýsingar um hvernig nota eigi hitapúðann á öruggan hátt.
- Börn eldri en 8 ára mega nota þennan hitapúða svo og þeir sem búa yfir takmörkuðum líkamlegum þroska eða kunnáttu, svo fremi að þeim hafi verið kennt hvernig nota eigi púðann á öruggan hátt, og að þeir geri sér fulla grein fyrir áhættum af notkun hans.
- Börn mega alls ekki leika sér með hitapúðann.
- Börn eiga aldrei að sjá um hreinsun eða viðhald á hitapúðanum nema undir eftirliti fullorðinna.
- Þessi hitapúði er ekki ætlaður til notkunar á sjúkrahúsum.

- Ekki stinga nálum eða oddhvössum hlutum í púðann.
- Notið púðann aldrei samanbrotinn.
- Notið púðann aldrei ef hann er rakur.
- Þennan hitapúða má eingöngu nota með rofa sem tekinn er fram á miða hitapúðans.
- Raf og segulsvið sem koma frá þessum hitapúða gætu e.t.v. haft áhrif á gangráða. Þessi áhrif eru þó langt fyrir neðan leyfileg mörk. Styrkur rafsviðs; hámark 5000 V/m. Styrkur segulsviðs; hámark 80 A/m, þéttleiki segulflæðis; hámark 0,1 millitesla. Hafið samband við lækni eða umboðsaðila gangráðsins áður en þið notið þennan púða að staðaldri.
- Ekki toga, snúa upp á eða brjóta ramagnssnúruna saman.
- Skoðið hitapúðann reglulega að utanverðu með tilliti til slits og skemmda. Ef slíkt er tilfellið, eða ef púðinn hefur verið ranglega notaður eða hann hitnar ekki skal láta fagmann umboðsaðilans líta á hann áður en hann verður notaður á ný.
- Ef rafmagnsleiðsla hitapúðans er skemmd, verður að skipta um hana af framleiðanda, umboðsaðila hans eða álíka viðeigandi fagmanni.
- Á meðan kveikt er á hitapúðanum verður að gæta eftirfarandi atriða:
 - Ekki má leggja neina þunga hluti á hitapúðann (t.d. ferðatösku eða þvottakörfu.
 - Ekki á að leggja hitagjafa eins og t.d. hitaflöskur, hitapúða eða álíka á hitapúðann.
- Elektróniskir hlutir rofans hitna lítilega þegar hitapúðinn er í notkun. Gætið að því að leggja rofann þess vegna ekki á púðann eða púðann ofan á rofann.
- Farið ávallt eftir notendaráðleggingunum (kafli 4), um hreinsun og viðhald (kafli 5) og geymslu (kafli 6).
- Ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar um notkun hitapúðans þá biðjum við ykkur að hafa samband við umboðsaðila Beurer.

3. Notist eingöngu við



VIÐVARANIR

Þennan hitapúða má eingöngu nota til að hita mannlega líkamshluta.

4. Notkun

4.1 Öryggi



VIÐVARANIR

Hitapúðinn er með innbyggð ÖRYGGISKERFI. Stafræn nematækni kemur í veg fyrir að allt yfirborð púðans ofhitni, með því aðslökkva á púðanum ef slíkt kæmi fyrir. Ef ÖRYGGISKERFIÐ rýfur strauminn,

slökknar á gaumljósi rofans jafnvel þótt kveikt sé á rofanum. Vinsamlegast athugið að ef slíkt kemur upp verður að senda hitapúðann til umboðsaðilans til viðgerðar.


4.2 Fyrsta notkun



VIÐVARANIR


Hindrið að brot eða krumpur myndist í púðanum þegar hann er notaður.

- Tengjið rofann fyrst við tengilinn í hitapúðanum.
- og síðan tengið þið hann við rafmagnstengil.



4.3 Aukalegar upplýsingar um HK 58 cosy

sérstakt lag á hitapúðanum HK 58 Cosy var hannað sérstaklega með það í huga að nota hann á bak og háls. Staðsetjið púðann þannig að franski rennilásinn sé á móts við hálsinn og lokið honum þar. Stillið síðan magabeltið þannig að spennan sé þægileg og lokið beltinu. Til að opna spennuna ýtið þið samtímis á hnappana sem sýndir eru með örvum á myndinni.



4.4 Kveikt á hitapúðanum

Ýtið rennslisrofanum (3) hægra megin á rofanum þannig að hann sé á "I" (Kveikt) - sjá mynd af rofanum. Þegar kveikt er á rofanum kviknar á skjánum fyrir hitastillinguna.

4.5 Val á hitastigi

Fljótlegast er að hita púðann þegar rofinn er stilltur í byrjun á hæstu stillingu, en lækka svo eftir því sem á þarf að halda. Til að auka hitann ýtið þið á hnappinn Δ (4) en á ∇ (4) til að minnka hann. Ef þið hafið í hyggju að nota hitapúðann í lengri tíma ráðleggjum við ykkur að stilla á lægri hita.

Prep 1: minnsti hiti

Prep 2-5: meðalhiti

Prep 6: mesti hiti



ATH:

- Fljótlegast er að hita púðann þegar rofinn er stilltur í byrjun á hæstu stillingu.



ATH:

Þessir púðar eru með hraðhitun sem gerir það að verkum að þeir hitna mjög fljótt á fyrstu 10 mínútunum.



VIÐVÖRUN

Ef þið hafið í hyggju að nota hitapúðann samfelld í lengri tíma ráðleggjum við ykkur að stilla á lægri hita til að forðast húðbruna.

4.6 Slekkur á sér sjálfkrafa

Hitapúðinn slekkur sjálfkrafa á sér ca. 90 mínútum eftir að hann var settur í samband. Við það byrjar helmingur hitastillisins að blikka. Til að setja hitapúðann í samband á ný verður að slökkva á honum (stillu hann á 0) og eftir ca. 5 sekúndur er hægt að kveikja á honum á ný. Ef ekki á að nota púðann eftir að hann slekkur á sér þá ætti að slökkva á honum eða taka hann úr sambandi við rafmagn.



4.7 Slökkt á púðanum

Til að slökkva á púðanum, ýtið þið rennslisrofanum á hlið rofans á "0" (Slökkt). Það logar ekki lengur á skjánum.



ATH:

Pegar hitapúðinn er ekki í notkun ýtið þið rennslisrofanum á hlið rofans á "0" (Slökkt) og takið rafmagnssnúruna úr sambandi við veggtegilinn. Síðan takið þið snúruna úr tengli púðans.

5. Hreinsun og umhirða



VIÐVÖRUN

Áður en þið hreinsið hitapúðann takið þið hann fyrst úr sambandi við rafmagn. Síðan takið þið snúruna úr tengli púðans.



VIÐVARANIR

- Rofinn má aldrei koma í samband við vatn eða annan vökva.

Til að hreinsa rofann notið þið eingöngu mjúkan og hreinan klút. Notið engin kemísk efni eða hreinsiefni á rofann.

Ofna verið utan um hitapúðann er hægt að hreinsa í samræmi við þvotta og hreinsimerkingar sem eru á því. Lítil óhreinindi á hitapúðanum er hægt að fjarlægja með rökum klút sem e.t.v. hefur verið dýft í fljótandi þvottalög.



VIÐVARANIR

- Vinsamlegast aðgætið að ekki má hreinsa hitapúðann með kemískum efnum eða í efnaug. Ekki vinda hann, strauja eða þurrka í þurrkara.

Það má þvo hitapúðann í sjálfvirkri þvottavél en aðeins á viðkvæmu þvottakerfi sem fer ekki í hærri hita en 30° (Ullarkerfi). Notið þvottaefni fyrir finþvotta og skammtið magnið í samræmi við það sem ráðleggingar framleiðanda þvottaefnisins segir til um.



VIÐVARANIR

- Ekki er gert ráð fyrir því að hitapúðinn sé þveginnt oftast en 10 sinnum á líftíma púðans.

Að þvotti loknum teygið þið púðann nokkurn veginn í upprunalegt lag og látið hann þorna ofan á þvottagrind.



VIÐVARANIR

- Notið aldrei þvottaklemmur til að festa hitapúðann við þvottagrindina.
- Tengid rofann ekki við hitapúðann fyrr en bæði púðinn og tengistykkið eru orðin alveg þurr.



VIÐVARANIR

- Tengid hitapúðann aldrei við rafmagn til að þurrka hann. Það gæti orsakað skammrof og slys.

6. Geymsla

Ef ekki á að nota hitapúðann í lengri tíma ráðleggjum við ykkur að geyma hann í upprunalegum umbúðum.



VIÐVARANIR

Vinsamlegast látið hitapúðann kólna alveg áður en þið gangið frá honum til geymslu og gætið þess að leggja ekki mjög þunga hluti ofan á hann.



7. Förgun



Förgun biðjum við ykkur að farga honum í samræmi við reglur um förgun rafmagns og rafendatækja sem í gildi eru á þeim stað sem förgunin á sér stað.



8. Hvað ef vandamál koma upp?

Vandamál	Orsök	Lausn
Ekki kviknar á skjá hitastillisins þótt - þótt rofinn sé tengdur við rafmagn - og rofinn einnig tengdur við tengiliinn á púðanum - og rennslisrofinn er stilltur á „1“ (kveikt)	Öryggiskerfið hefur slökkt á hitapúðanum	Sendið hitapúðann og rofann til umboðsaðilans

9. Tæknilegar upplýsingar

Sjá nánar á miðanum á hitapúðanum.

ÁBYRGÐ OG ÞJÓNUSTA

Vinsamlegast athugið að öll viðgerða og varahlutapjónusta er hjá umboðsaðila okkar, sem er;

PFaff hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík
sími: 414-0451

